

**Nd.**

**482. Nefndarálit**

**[76. mál]**

um frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt af þeim HV og Eirþ, og er efni þess það, að ríkið kaupi og geri út eigi færri en fjóra togara til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnisskorts.

Tveir nefndarmanna (EmJ og Eirþ) fallast á rök þau, sem flutt eru fyrir málinu og mæla því með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (GislG) kveðst geta fylgt frv. með ákveðnum breytingum og mun gefa út sérstakt nefndarálit. Tveir nefndarmanna (PO og SÁ) voru andvígir málinu.

Alþingi, 17. marz 1954.

Eiríkur Þorsteinsson,      Emil Jónsson.  
frsm.